



Umhverfis- og loftslagsstefna Suðurnesjabæjar

Greining á viðfangsefnum og stefnumótunarramma

Drög fyrir framkvæmda- og skipulagsráð 18. október 2023

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
1.1	Um umhverfis- og loftslagsstefnu	2
1.2	Hlutverk Suðurnesjabæjar	3
1.3	Umhverfi og áhrifaþættir stefnu	4
2	Leiðarljós	6
3	Meginmarkmið.....	7
4	Aðgerðaáætlun	9
5	Mælikvarðar.....	13
5.1	Orkunotkun	13
5.2	Eldsneytisnotkun	13
5.3	Starfsstöðvar og starfsmenn	13
5.4	Orkunotkun	14
6	Viðauki.....	15
6.1	Punktar af fundi rýnihóps	15

1 Inngangur

1.1 Um umhverfis- og loftslagsstefnu

Gerð stefnunnar byggir á lögum um loftlagsmál nr. 70/2012, en í lögnum er áskilið að sveitarfélög marki sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Framkvæmda- og skipulagsráð samþykkti á fundi 29. mars 2023 að hefja vinnu við gerð umhverfis- og loftslagsstefnu. Ráðgjafi Suðurnesjabæjar er Verkís. Ráðið myndaði verkefnisstjórn um gerð stefnunnar, en aðrar nefndir bæjarins komu einnig að stefnunni. Starfsfólk Skipulags- og umhverfissviðs ásamt ráðgjafa bar hita og þunga af vinnslu stefnunnar, svo sem gagnaöflun og vinnu sérstaks rýnihóps um gerð stefnunnar. Helstu áfangar í þessari vinnu eru eftirfarandi:

- **Framkvæmda- og skipulagsráð 14. júní 2023.** Verkefnisáætlun kynnt.
- **Rýnihópur 10. október 2023.** Áherslur og hugmyndir inn í stefnuna.
- **Framkvæmda- og skipulagsráð 18. október 2023.** Kynning á greiningu á viðfangsefnum og stefnumótunarramma.
- **Rýnihópur x. nóvember 2023.** Umfjöllun um drög að stefnu.
- **Framkvæmda- og skipulagsráð X. nóvember 2023.** Drög að stefnu kynnt.
- **Vefur Suðurnesjabæjar nóvember og desember 2023.** Drög kynnt á vef Suðurnesjabæjar.
- **Framkvæmda- og skipulagsráð X. desember 2023.** Samþykkt umhverfis- og loftslagsstefnu.
- **Bæjarstjórn X. desember 2023.** Samþykkt umhverfis- og loftslagsstefnu.



1.2 Hlutverk Suðurnesjabæjar

Sveitarfélagið hefur mikil áhrif á það hvernig gengið er um náttúru og auðlindir í Suðurnesjabæ. Skipulag er eitt helsta stjórnþækið og þar er rík áhersla á að umhverfissjónarmið séu í fyrirrúmi. Mörg önnur lögboðin verkefni Suðurnesjabæjar hafa áhrif á umhverfið, t.d. förgun úrgangs og fráveita. Sveitarfélagið getur einnig haft margvísleg óbein áhrif á nærsamfélagið, t.d. með fræðslu og hvatningu og með góðu fordæmi í daglegum rekstri.

Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum, Suðurnesjabær auk Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Voga, ásamt Isavia, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, hafa stofnað samstarfsverkefnið Suðurnesjavettvang, þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi. Í nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins er unnið tiltekin heimsmarkmiðið og áherslur sem Suðurnesjavettvangur hefur valið að vinna með.

Áhersla er á að samþætta, eftir því sem við á, aðra stefnumörkun sveitarfélagsins inn í umhverfis- og loftslagsstefnu og með þeim hætti einfalda framfylgd stefnunnar. Hún takmarkist við þá þætti sem Suðurnesjabær getur haft áhrif á, svo sem í gegnum skipulagsáætlanir eða starfsemi sveitarfélagsins.



1.3 Umhverfi og áhrifapættir stefnu

Umfhverfis- og loftslagsstefnan er sett fram undir eftirfarandi málaflokkum en þeir hafa margs konar áhrif á umhverfið.

- Vistvæn innkaup
- Lýðheilsa, græn svæði og náttúra
- Umhverfis- og náttúruvernd
- Hringrásarhagkerfi
- Samgöngur
- Aðlögun að loftslagsbreytingum

Greindir voru áhrifavaldar eða áhrifapættir umhverfis- og loftslagsstefnu, þ.e. þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þættir sem stefnan getur haft áhrif á.

Málaflokkar, áhrifabættir, umhverfispættir og möguleg áhrif stefnunnar.

Málaflokkar/ áhrifabættir	Umhverfispættir	Skýringar/möguleg áhrif stefnu	Heimildir/Vísun
Vistvæn innkaup	Loftslag og eignir	Draga úr losun GHL ¹ með vistvænum áherslum og aðhaldi í rekstri. Aukið gildi er minni sóun og sparnaður	Innkaupastefna Suðurnesjabæjar og innkaupa-reglur
Lýðheilsa, útivist og græn svæði	Heilbrigði manna og íbúar	Með því að tryggja heilnæmt umhverfi og skapa tækifæri til útivistar og hreyfingar með gæðum í byggðu umhverfi og aðgengi að ósnortinni náttúru, er hægt að hafa áhrif á heilsuhegðun fólks og þar með andlega og líkamlega heilsu og virðingu fyrir náttúrunni. Aukið gildi er líflegt samfélag og aukin félagsleg tengsl, sem og heilnæmt umhverfi	Heilsueflandi samfélag. Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
Lífriki og landslag	Loftslag, landslag, lífríki og líffræðilegur fjölbreytileiki	Mikilvægt viðfangsefni er vistheimt og endurheimt landgæða í Suðurnesjabæ. Bein áhrif af landbótum, landgræðslu og skógrækt er aukin binding GHL og líffræðileg fjölbreytni. Aukið gildi er skjólmyndun og aðlaðandi umhverfi til útivistar	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
Hringrásar-hagkerfi	Loftslag, efnisleg verðmæti og íbúar	Aukin flokkun, endurvinnsla og endurnýting úrgangs dregur losun GHL og minna land er tekið undir landfyllingar (urðun). Með því að skapa skilyrði fyrir grænan iðnað er hægt að draga úr myndun úrgangs og losun GHL. Aukið gildi eru ný störf sem verða til	Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033. Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
Innviðir	Loftslag og lýðheilsa	Dregið er úr losun GHL með orkuskiptum, minnka ferðaþörf og breyta ferðavenjum. Aukið gildi er minni sóun og sparnaður, auk líflegs samfélags og lýðheilsu	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
Aðlögun að loftslags-breytingum	Næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum	Mikilvæg viðfangsefni er að skipuleggja, byggja upp og halda við sjóvörnum þar sem hættu er á sjávarflóðum við byggð. Aukið gildi er aukin seigla samfélagsins gagnvart loftslagsbreytingum	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034

¹ GHL stendur fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

2 Leiðarljós

Tillaga að leiðarljósi: Suðurnesjabær leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum, takmarka eftir fremsta megni neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi sveitarfélagsins, leggja sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Sveitarfélagið stendur vörð um náttúru- og menningarminjar og heilbrigt umhverfi og að íbúar hafi tækifæri til að njóta þeirra gæða með útiveru eða öðrum heilbrigðum lífstíl.



3 Meginmarkmið

Eftirfarandi er tillaga/hugmynd að meginmarkmiðum.



Tillaga/hugmynd að meginmarkmiðum.

Markmið	Leiðir/aðgerðir - dæmi	Samráðsaðilar/Ábyrgð	Tímarammi	Heimildir/Vísun
Vistvæn innkaup Að rekstur sveitarfélagsins verði sjálfbær og það sýni ábyrgð í umhverfisstjórnun	Innleiða umhverfisstjórnun í rekstri sveitarfélagsins og einstakra starfsstöðva	Starfsstöðvar bæjarins	2023 - 2025	Innkaupastefna Suðurnesjabæjar og innkaupareglur Græn skref í ríkisrekstri
Lýðheilsa, útivist og græn svæði Allir íbúar eigi þess kost að njóta náttúrulegs umhverfis og tækifæra til að stunda heilbrigðan lífsstíl	Útivistarsvæði og strandstígar í þéttbýli. Fjölga útivistarsvæðum og hlúa að núverandi svæðum. Tryggja nýtingu opinna svæða til fjölbreyttrar útivistar. Skólaþróun og aðstaða fyrir útikennslu	Skipulags- og umhverfissvið Kadeco og aðrir landeigendur Grunnskólinn	2023-2034 2023-2034	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 Heilsuefandi samfélag
Lífriki og landslag Lágmarka rask á náttúru og vinna að uppgræðslu lands og vistheimt	Hvetja til kolefnisjöfnunar/bindingar með gróðursetningu og uppgræðslu. Trjáræktunarsvæði eða „tree nursery“. Frágangur efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Umhverfisverðlaun/hvatning	Landeigendur Kadeco	2023-2034 2023-2034 2023- 2025 2023-2025	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
Hringrásarhagkerfi Stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu og greiða götu hringrásarhagkerfisins	Auka og samræma flokkun í stofnunum sveitarfélagsins. Sorphirða/plokkun – Fjörur og opin svæði. Auka framboð á fjölbreyttum iðnaðar- og athafnalóðum fyrir hátækni iðnað, grænan iðnað, nýsköpun	Skipulags- og umhverfissvið	2023-2034	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033
Innviðir Stuðla að orkuskiptum og skapa góð skilyrði fyrir virka ferðamáta innan þéttbýlis milli þéttbýlisstaða	Stuðla að fjölgun og bættu aðgengi að hraðhleðslustöðvum. Gatnakerfi í þéttbýli taki mið af öryggi og þörfum hjólandi og gangandi. Hvetja til samnýtingu ferðamáta	Rekstraraðilar rafhleðslustöðva Skipulags- og umhverfissvið og Vegagerðin	2023-2025 2023-2034	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
Aðlögun að loftslagsbreytingum Efla viðnámsþol gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og grípa til aðgerða vegna óumflýjanlegra breytinga	Gera sérstaka áætlun um uppbyggingu sjóvarna í samstarfi við Vegagerðina. Innleiða blágrænar lausnir fyrir ofanvatn í þéttbýli	Skipulags- og umhverfissvið og Vegagerðin Skipulags- og umhverfissvið	2023-2026 2023-2034	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034

4 Aðgerðaáætlun

Tillögur/hugmyndir að aðgerðum til að fylgja eftir meginmarkmiðum umhverfis- og loftslagsstefnu.

Málaflokkur	Markmið	Leiðir/aðgerðir	Tímarammi	Ábyrgð	Vísun og samráðsaðilar
Vistvæn innkaup: Græn skref	Allar starfstöðvar sveitarfélagsins uppfylli öll skilyrði fyrir „Grænu skrefin“ ²	Innleiða “Græn skref” í rekstri allra starfsstöðva sveitarfélagsins á næstu árum. Græn skref verði umhverfisstjórnunartæki sveitarfélagsins. Með því setur sveitarfélagið gott fordæmi í sínum rekstri og stuðlar að aukinni umhverfisvitund meðal starfsfólks	2023-2027	Óútfært	Græn skref, UST Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar
	Vinna að afmörkuðum aðgerðum „Grænna skrefa“	Hafa umhverfisvernd og hagkvæmni að leiðarljósi við kaup á nýjum búnaði stofnana sveitarfélagsins, t.d. með því að velja umhverfissvottaðar vörur sé þess kostur	2023	Óútfært	Græn skref, UST
		Vinna að innleiðingu græns bókhalds hjá starfstöðvum sveitarfélagsins til framtíðar litið. Bókhald yfir notkun jarðefnaeldsneytis, losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun og úrgangsmagn í rekstri sveitarfélagsins verði birt árlega á vef Suðurnesjabæjar	2023-2025	Óútfært	Græn skref, UST
		Á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins verði innleitt verklag sem stuðli að minni orkunotkun, t.d. að slökkva á ljósum og raftækjum þegar þau eru ekki í notkun	2023-2025	Óútfært	Græn skref, UST
Lýðheilsa, útivist og græn svæði	Stuðla að heilsuefningu og lífsgæðum fólks með góðu aðgengi að opnum svæðum og útivist	Byggja upp heilsustíg meðfram ströndinni frá höfninni í Garði og til norðurs að Garðskaga, þ.e. stíg með hreystitækjum	2023-2034	Óútfært	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
		Opin svæði innan þéttbýlis verði útfærð með tilliti til heilsuefningar, svo sem hvað varðar staðsetningu og þéttleika hreysti- og leiktækja	2023-2034	Óútfært	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034

² Græn skref eru leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlistum og fá viðurkenningu eftir hvert skref. Skrefin eru alls fimm og unnið er eftir skýrum gátlistum. Eðlilegast væri að þetta væri unnið í gegnum SSS

		Svæði milli Sandgerðis og Garðs er gefið aukið vægi og þróað frekar m.t.t. skjólmyndunar og tækifæra til útivistar	2023-2034	Óútfært	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
Lífriki og landslag	Efla skógrækt með áherslu á gildi skóglendis til útivistar, skjóls og landbóta	Unnin verði greining á núverandi losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda frá landi í sveitarfélaginu og sviðsmyndir um áhrif landgræðslu og skóræktar á kolefnisbúskap	2023-2026		Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
		Unnið verði að því að styrkja gróður og skjólmyndun með skógrækt og vistheimt, á sérstökum skógræktarsvæðum í tengslum við opin svæði	2023-2034	Skipulags- og umhverfissvið Landeigendur	
		Útfærðar verði hugmyndir um skilgreind trjáræktunarsvæði eða „tree nursery“ og þeim fundinn staður í sveitarfélaginu. Fyrirtæki og félagasamtök gætu „ættleitt“ reit/svæði	2023-2034	Kadeco	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
		Árgangar í grunnskólum eigi sinn reit/svæði	2023-2034		
	Efnislosun fari fram með skipulegum hætti og hún vali ekki óþarfa sjónrænum áhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda	Unnið verði að því að losun lífræns úrgangs verði komið í ákveðinn farveg í endurvinnslustöð í samræmi við áætlun um meðhöndlun úrgangs. Gengið verði frá eldri efnislosunarsvæðum	2023-2026		Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033
	Umhverfisfræðsla verði reglubundin hluti af starfi sveitarfélagsins	Umhverfisfræðsla er samofin öllu starfi Gerðaskóla og Sandgerðisskóla. Áhersla verði á útikennslu í starfi grunnskólanna, m.a. skapa aðstöðu til útikennslu við ströndina	2023-2026	Grunnskólinn	
Hringrásarhagkerfi	Draga úr hvers kyns soun verðmæta og myndun úrgangs og finna farveg fyrir endurnýtingu og endurvinnslu	Efla starfsstöðvar sveitarfélagsins í flokkun og fræðslu um flokkun ásamt því að innleiða grænt bókhald	2023-2026		Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033
		Stuðla að uppbyggingu á móttökustöðvum þar sem að íbúar geta losað sig við flokkað sorp, svo sem við matvöruverslun í Sandgerði og Garði	2023-2026	Samkaup	
	Stuðla að uppbyggingu hátækniðnaðar, græns iðnaðar, nýsköpunar og starfsemi sem vinnur á	Að greiða götu hringrásarhagkerfisins og auka framboð á fjölbreyttum iðnaðar- og athafnalóðum fyrir hátækniðnað, grænan iðnað, nýsköpun. Um er að ræða lóðir við þéttbýlisstaðina og Bergvík	2023-2034		Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034

	forsendum hringrásarhagkerfisins				
Innviðir	Skapa skilyrði fyrir virka ferðamáta innan þéttbýlisstaðanna og milli þeirra	Byggja upp heildstætt net göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu. Sérstök áhersla er á göngu- og hjólastíga í og við þéttbýlisstaðina	2023-2034		Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
		Vinna að samhæfingu samgangna í Suðurnesjabæ með það fyrir augum að almenningssamgöngur verði raunhæfur og hagkvæmur valkostur	2023-2034		Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
	Stuðla að auknu gönguhæfi byggðar og umferðaröryggi í þéttbýli	Unnið verði að því að auka umferðaröryggi í umhverfi stofnvega í þéttbýlinu, svo sem með lækkun umferðarhraða og öðrum aðgerðum. Sérstaklega verði unnið að endurhönnun stofnvega í gegnum þéttbýlið með það fyrir augum að auka öryggi og búa til bæjarrými og umferðarrými sem nýtist öllum notendum óháð því hvort þeir eru gangandi, hjólandi eða akandi	2023-2030	Skipulags- og umhverfissvið	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
		Að til verði heildstætt net göngu- og hjólaleiða til útivistar við ströndina í og við þéttbýlið. Um væri að ræða hágæða göngustíga, sambærilega við stíginn sem lagður var milli Sandgerðis og Garðs, þ.e. uppbyggður malbikaður stígur með lýsingu og áningarstöðum	2023-2034		Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
	Stuðla að orkuskiptum í samgöngum	Stuðla að orkuskiptum í samgöngum við uppbyggingu rafveitna. Við deiliskipulag verði, eftir því sem við á, gert ráð fyrir innviðum fyrir hleðslustöðvar fyrir bíla og hjól	2023-2030	HS Veitur	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
		Við endurnýjun bifreiða og annara ökutækja og véla á vegum sveitarfélagsins verður kappkostað að velja kosti sem nýta sjálfbæra orku	2023-2030		
	Stuðla að aukinni sjálfærni ferðaþjónustu	Aðgerðir til að hafa áhrif á losun vegna ferðamennsku á Keflavíkurflugvelli, í samstarfi við Isavia o.fl.	2023-2030	Isavia	Vefur Isavia
Aðlögun að loftslagsbreytingum	Stuðla að auknum vörnum gegn sjávarflóðum í byggð	Suðurnesjabær vinnur að því í samvinnu við Vegagerðina að sjóvarnir verði byggðar upp og haldið við þar sem hætta er á sjávarflóðum við byggð. Greiningar sem sveitarfélagið hefur látið framkvæma og aðrar upplýsingar verða nýttar til frekari mati á þörf og forgangsroðun framkvæmda	2023-2034	Vegagerðin	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034

	Grænir innviðir verði innleiddir í þéttbýli	Við uppbyggingu nýrrar byggðar og endurskipulagningu eldri byggðar verði nýttar blágrænar ofnavatnslausnir	2023-2034		Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034
		Kannaðir verði kostir þess að nýta umhverfissvænar lausnir fyrir fráveitu sem gætu hentað staðbundið, í staðinn fyrir hefðbundnar útrásir	2023-2034		Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034

5 Mælikvarðar

Dæmi um mælikvarða. Heimild: Klappir. Upplýsingar fyrir 2023 ná til hluta ársins.

5.1 Orkunotkun

Orkunotkun	Einingar	2021	2022	2023
Heildarorkunotkun	kWst	15.844.499	16.614.968	11.674.375
Jarðefnaeldsneyti	kWst	35.548	35.226	16.422
Lífeldsneyti	kWst	-	-	-
Rafmagn	kWst	1.550.740	1.639.069	1.194.674
Hitaveita	kWst	14.258.211	14.940.673	10.463.279
Kæling	kWst	-	-	-
Gufa	kWst	-	-	-
Bein orkunotkun	kWst	35.548	35.226	16.422
Óbein orkunotkun	kWst	15.808.951	16.579.742	11.657.953

5.2 Eldsneytisnotkun

Eldsneytisnotkun	Einingar	2021	2022	2023
Heildareldsneytisnotkun	kg	2.981	2.948	1.381
Bensín	kg	428	633	51
Díselolía	kg	2.553	2.315	1.330
Metan	kg	-	-	-
DM olía	kg	-	-	-
Jarðgas	kg	-	-	-

5.3 Starfsstöðvar og starfsmenn

Starfsstöðvar	Ferm.	Starfsm.
Sunnubraut 4 - Ráðhús Garði	444,1	14
Miðnestorg 3 - Ráðhús Sandgerði	376,6	18
Skólastræti 2:	2.705,3	
• Sandgerðisskóli		78
• Íþróttamiðstöð Sandgerði		12
• Bókasafn		4
• Tónlistarskóli Sandgerði		17
Skólastræti 1 - Félagsmiðstöð Sandgerði	205,7	1
Garðbraut 90 - Gerðaskóli	4.709,6	69
Garðbraut 94 - Íþróttamiðstöð Garði	2.469,1	11
Garðbraut 69A - Tónlistarskóli Garði	274,5	17
Heiðartún 2	469,6	
• Auðarstofa		2
• Félagsmiðstöð Garði		
Gerðavegur 11 - Umhverfismiðstöð Garði	420,6	4
Strandgata 13 - Umhverfismiðstöð Sandgerði	257,0	4
Skagabraut 100 - Byggðasafn	112,8	4
Garðbraut 85 - Dagdvöl	294,4	5
Suðurgata 17-21 - Miðhús	227,2	5
Heiðarholt 14 - Skammtí mavistunin Heiðarholt	269,4	15
Lækjamót 65 - Starfsmannaaðstaða	19,9	14
Hafnargata 8 - Sandgerðishöfn	229,4	4
Samtals:	13.485,2	298

5.4 Orkunotkun

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2021	2022	2023
Heildarmagn úrgangs	kg	187.160	162.735	129.535
Flokkaður úrgangur	kg	61.660	44.525	31.455
Óflokkaður úrgangur	kg	125.500	118.210	98.080
Endurunnin úrgangur	kg	18.030	11.025	9.320
Úrgangi fargað	kg	169.130	151.710	120.215
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	32,9%	27,4%	24,3%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	9,6%	6,8%	7,2%

6 Viðauki

6.1 Punktar af fundi rýnihóps

Settur var saman rýnihópur og markmið hans var að greina og ræða frekari áherslur inn í gerð umhverfis- og loftslagsstefnu Suðurnesjabæjar. Hópin skipa Hafþór Ernir Ólason, Helgi Haraldsson, Heba Lind Guðmundsdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Jón Norðfjörð, Sunneva Ósk Þóroddsdóttir og Tómas Knútsson. Eftirfarandi eru punktar frá fundi hópsins 10.10.2023.

Hvaða áskoranir blasa við í umhverfis- og loftlagsmálum í Suðurnesjabæ:

- Hækkandi sjávarstaða
- Aukin umferð
- Aukin neysla
- Aukinn úrgangur
- Gróðurhúsaáhrif
- Fólk er orðið þreytt, er alveg sama. Það dynur á því allskonar upplýsingar um loftslagsmál, flokkun o.fl. Finnst þetta er vandamál annarra, Ísland er lítið land og hefur ekki áhrif.

Hvað getum við gert:

- Mikilvægt er að búa til hvata og auka skilning og fræðslu
- Veita viðurkenningar
- Hvetja til ábyrgðar neyslu íbúa og minnka soun
- Minnka bílanotkun
- Hvetja til samnýtingar ferðamáta
- Bílfloti sveitarfélagsins – sameina ferðir, betri skipulagning í innkaupum og þannig fækka ferðum
- Auka og samræma flokkun í stofnunum sveitarfélagsins
- Fjölga göngu- og hjólastígum
- Fjölga útivistarsvæðum og hlúa að núverandi svæðum
- Samgöngur eflar - strætó, frístundabíll

- Fjölga hleðslustöðvum
- Flokkunarkerfi í skólum, byrjum snemma að kenna börnunum
- Hvetja til kolefnisjöfnunar/bindingar með gróðursetningu og uppgræðslu
 - Vissir árgangar í skólum gætu átt sinn reit/svæði
 - Fyrirtæki og félagasamtök gætu „ættleitt reit/svæði“
 - Árgangatengt
- Sorphirða/plokkun – Fjörur og opin svæði
 - Vissir árgangar í skólum gætu átt sitt svæði
 - Fyrirtæki og félagasamtök gætu „ættleitt svæði“
 - Árgangatengt
- Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja
- 10. bekkur fái gefins plokkangir
- Umhverfis- og loftslagsmál séu höfð að leiðarljós við innkaup og rekstur sveitarfélagsins
- Framkvæmdir sveitarfélagsins taki mið af umhverfismálum
- Stjórnsýslueining verði staðsett mitt á milli byggðakjarna
- Sveitarfélagið setji sér tímasetta áætlun um minnkun kolefnisspors

Aðrir punktar:

- Það komu upp hugmyndir um að aðskilja stefnur, hafa loftslagsþáttinn sér og að sveitarfélögin á Suðurnesjum sameinist um loftslagsstefnu. Umhverfisstefnan yrði þá eingöngu fyrir Suðurnesjabæ
- Aðrir vildu hafa eina stefnu og þá gera auðlesinn og einfaldan úrdrátt úr henni, sem hægt væri að nota til kynningar fyrir íbúa
- Setja tímamörk á stefnu og fylgja henni eftir
- Auka aðgengi almennings að vinnslu stefnunnar, leyfa þeim að taka þátt
- Taka mið af lögum og reglum við vinnslu stefnunnar
- Ferðamál – Við erum með alþjóðaflugvöll í sveitarfélaginu. Mikilvægt að skoða áhrif ferðafólks og hvað við getum gert til að

draga úr neikvæðum áhrifum. Þess má geta að Isavia hefur markað sér stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum. Upplýsingar um markmiðin má nálgast á heimasíðu Isavia.

<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/samfelag-og-umhverfi/umhverfi/umhverfi-og-loftslag>

- Leikskólinn Gefnarborg hefur tekið þátt í grænfánaverkefninu frá árinu 2008. <https://gefnaiborg.leikskolinn.is/Graenfaninn>
<https://landvernd.is/gruenfaninn/um-skola-a-graenni-grein/>
- Markmið Suðurnesjabæjar eigi að vera flottasti og fegursti bær á Íslandi